



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Föstudagur, 12. febrúar, 2010

Ákvörðun nr. 3/2010

**Undanþága frá samstarfi Atlantsolíu ehf. og Skeljungs hf.  
við flutning og áfyllingu á olíu**

**I.**

**Erindið**

Með erindi Atlantsolíu ehf. og Skeljungs hf., dags. 21. desember 2009, var á grundvelli 15. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 óskað eftir undanþágu frá ákvæði 10. gr. sömu laga, vegna samstarfs Skeljungs hf. og Atlantsolíu ehf. um flutning og áfyllingu á olíu.

Erindi félaganna lýtur að ætluðu samstarfi Skeljungs og Atlantsolíu á sviði flutnings og áfyllingar olíu í eigu Atlantsolíu, en félagið hafði óskað eftir því að kaupa tímabundið slíka þjónustu af Skeljungum. Felst í samstarfinu að Skeljungur mun annast flutning eldsneytis í eigu Atlantsolíu með skipi til Akureyrar, landsetja eldsneytið í birgðastöð Skeljungs á Akureyri, flytja eldsneytið þaðan og skila því á útsölustað Atlantsolíu. Vegna þessarar þjónustu og ábyrgðar Skeljungs fengi félagið greidda þóknun samkvæmt óuppsegjanlegum þjónustusamningi á milli félaganna með þriggja mánaða gildistíma.

**II.**

**Niðurstaða Samkeppniseftirlitsins**

Forsenda fyrir því að ákvæði 15. gr. samkeppnislaga komi til skoðunar er að samstarf fyrirtækja fari í bága við ákvæði 10. gr. samkeppnislaga. Samkvæmt 1. mgr. 10. gr. laganna eru bannaðir allir samningar sem hafa það að markmiði eða af þeim leiðir að samkeppni sé raskað. Í 10. gr. samkeppnislaga er lagt bann við samkeppnishamlandi samráði. Í ákvæðinu segir m.a. að allir samningar og samþykktir milli fyrirtækja, hvort heldur þær séu bindandi eða leiðbeinandi, og samstilltar aðgerðir sem hafa það að markmiði eða af þeim leiðir að komið sé í veg fyrir samkeppni, hún sé takmörkuð eða henni sé raskað, séu bannaðir. Bannið tekur m.a. til samráðs um verð, skilmála og önnur viðskiptakjör, skiptingu á mörkuðum og upplýsingaskipta um viðkvæm viðskiptaleg málefni.

Í 1. mgr. 10. gr. samkeppnislaga segir að samningar og samstilltar aðgerðir milli fyrirtækja séu bannaðar þegar þær hafa að markmiði að hafa áhrif á t.d. verð eða skiptingu markaða. Þetta orðalag felur það í sér að ákvæðið telst brotið við það eitt að fyrirtæki hafi með sér einhvers konar samvinnu um skiptingu markaða, án tillits til þess



hvort samvinnan hafi haft áhrif á markaðnum.<sup>1</sup> Ef samningur felur ekki í sér slíkar augljósar hömlur verður að taka til athugunar hvort þær geti leitt af viðkomandi samningi. Taka verður því til skoðunar hvort samkeppnishömlur leiði af ætluðu samstarfi félaganna og í því sambandi er nauðsynlegt að skilgreina viðkomandi markaði. Hagfræðileg rök leiða til þess að líta verður á viðkomandi markað út frá tveimur sjónarhornum, þ.e. annars vegar vörumarkaðinn og hins vegar landfræðilega markaðinn.

## 1.

Hvað varðar vörumarkaðinn verður í þessu máli að líta til þess að olíufélögin eru lóðrétt sambætt fyrirtæki, sem ýmist sjálf, eða fyrirtæki í þeirra eigu, annast innflutning, birgðahald, dreifingu og sölu á helstu tegundum eldsneytis og tengdum olíuvörum. Í skýrslu Samkeppniseftirlitsins nr. 2/2008 *Öflug uppbygging – Opnun markaða og efling atvinnustarfsemi* kemur fram, að olíumarkaður hafi almennt verið skilgreindur sem heildarmarkaður fyrir sölu á olíuvörum. Ljóst er að innan þessarar skilgreiningar eru margar vörur sem ekki eiga sér staðgengdarvöru. Því eru fyrir hendi margir undirmarkaðir á olíumarkaði. Skipta má markaðnum í tvo meginþætti, þ.e. annars vegar smásölu á olíuvörum og hins vegar innflutning, dreifingu og birgðahald á olíuvörum, þar sem telja má að þrjú fyrirtæki séu starfandi. Þau eru Olíudreifing ehf., sem er í 60% eigu N1 hf. og 40% eigu Olíuverslunar Íslands hf., auk Skeljungs og Atlantsolíu. Olíudreifing annast dreifingu á olíuvörum um land allt fyrir eigendur sína og ÓB og er hlutdeild þessara félaga rífleg, sbr. fyrrnefnd skýrsla Samkeppniseftirlitsins. Skeljungur og Atlantsolía hafa hingað til séð sjálf um dreifingu á eldsneyti sínu. Er því mögulegt að Olíudreifing gæti keppt við Skeljung um þá þjónustu sem felst í umræddu samstarfi Atlantsolíu og Skeljungs. Í máli þessu er ljóst að það samstarf sem um ræðir lýtur að dreifingu og birgðahaldi á olíuvörum. Hvað varðar hinn landfræðilega markað liggur fyrir að samvinnan snýst fyrst og fremst um flutning á olíu í eigu Atlantsolíu til Akureyrar ásamt dreifingu olíunnar þar og birgðahald. Akureyri verður því að teljast hinn landfræðilegi markaður í málinu. Þau fyrirtæki sem stunda samkeppni á þessum markaði eru Atlantsolía ehf., N1 hf., Olíuverslun Íslands hf. og Skeljungur hf. Á markaði fyrir smásölu á olíuvörum á Íslandi eru fjögur fyrirtæki starfandi, þ.e. N1 hf., Olíuverslun Íslands hf., Skeljungur hf. og Atlantsolía ehf. Markaðshlutdeild N1 er talin vera frá 35-40%, Olíuverslun Íslands og Skeljungur hafa 25-30% markaðshlutdeild hvort um sig en Atlantsolía er með 5-10% markaðshlutdeild, sbr. skýrsla Samkeppniseftirlitsins nr. 2/2008 *Öflug uppbygging – Opnun markaða og efling atvinnustarfsemi*.

## 2.

Í samstarfi Atlantsolíu og Skeljungs felst, að Atlantsolía kaupir þjónustu af keppinauti sínum. Öll samvinna keppinauta í tilteknum þætti rekstrar þeirra er almennt talin fela í sér takmörkun á samkeppni og hættu á að fyrirtækin fari að taka tillit til hvors annars og þar með dragi úr sjálfstæði þeirra á viðkomandi markaði. Um þetta efni má t.d. vísa til ákvörðunar samkeppnisráðs nr. 27/2005 *Beiðni olíufélaganna um undanþágu á grundvelli 16. gr. samkeppnislaga til rekstrar sameiginlegrar eldsneytisafgreiðslu á Keflavíkurflugvelli*. Þar óskuðu Olíufélagið ehf. (nú N1 hf.), Olíuverslun Íslands hf. og Skeljungur hf. eftir undanþágu frá ákvæði 10. gr. samkeppnislaga vegna sameiginlegs rekstrar félaganna á Eldsneytisafgreiðslunni á Keflavíkurflugvelli ehf. Samkomulagið var

---

<sup>1</sup> Sjá t.d. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 62/2008 *Ósk Valitors hf. um undanþágu fyrir samræmt milligjald í kortaviðskiptum*.



talið fara gegn 10. gr. samkeppnislaga. Í þessu máli felst m.a. að Skeljungur flytur allt eldsneyti sem Atlantsólía hyggst selja á Akureyri og afhendir á afgreiðslustöð síðarnefnda félagsins. Er því um að ræða samstarf keppinauta um veigamikla þætti rekstrar Atlantsolíu á Akureyri. Eins og atvikum er háttað hér verður að telja að samstarf þetta fara í bága við ákvæði 10. gr. samkeppnislaga.

### 3.

Á grundvelli 15. gr. samkeppnislaga getur Samkeppniseftirlitið veitt undanþágu frá ákvæðum 10. og 12. gr. Skilyrði slíkrar undanþágu eru að samningar, samþykktir, samstilltar aðgerðir eða ákvarðanir skv. 10. og 12. gr.:

- a. *stuðli að bættri framleiðslu eða dreifingu á vöru eða þjónustu eða efla tæknilegar og efnahagslegar framfarir,*
- b. *veiti neytendum sanngjarna hlutdeild í ávinningi sem af þeim hlýst,*
- c. *leggi ekki höft á hlutaðeigandi fyrirtæki sem óþörf eru til að settum markmiðum verði náð og*
- d. *veiti fyrirtækjum ekki færi á að koma í veg fyrir samkeppni að því er varðar verulegan hluta framleiðsluvaranna eða þjónustunnar sem um er að ræða.*

Unnt er að setja skilyrði fyrir undanþágu.

Uppfylla verður öll skilyrði ákvæðis 15. gr. samkeppnislaga þannig að til álita komi að veita undanþágu frá bannákvæðum 10. gr. laganna. Rétt er að hafa í huga að almennt er litið svo á að viðkomandi fyrirtæki verði að sýna fram á að umrædd skilyrði séu uppfyllt, sbr. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 1/2009 *Valitor hf. gegn Samkeppniseftirlitinu*. Að meginstefnu verður undanþága því aðeins veitt að hún geti betur stuðlað að tilgangi og markmiði laganna. Með hliðsjón af mikilvægi samkeppnislaga, sem ætlað er að vernda og efla samkeppni og stuðla með því að aukinni framleiðni og hagræðingu og efnahagslegum vexti, er ljóst að setja verður ströng skilyrði fyrir því að veita undanþágur frá mikilvægustu reglum 10. gr. laganna. Að öðrum kosti gætu samkeppnishömlur, sem felast t.d. í verðsamráði, valdið neytendum og þjóðfélaginu í heild miklum skaða.

Svo að til greina komi að veita undanþágu á grundvelli 15. gr. verða öll skilyrði ákvæðisins að vera uppfyllt. Verður nú farið yfir hvort samstarfið teljist fullnægja framangreindum skilyrðum.

### 4.

Í erindi félaganna kemur fram að um sé ræða tímabundin kaup Atlantsolíu á þjónustu af Skeljungu. Sérstaklega er bent á að Skeljungur notist við strandsiglingar til að flytja eldsneyti til Akureyrar og mun eldsneyti Atlantsolíu vera flutt með sama hætti. Á grundvelli þess fáist ekki séð að þjónustusamningurinn skekki samkeppni við sölu á eldsneyti, heldur tryggi hann þvert á móti öruggan aðgang Atlantsolíu að eldsneyti til endursölu á Akureyri. Með þjónustusamningnum er félaginu þannig tryggð ákveðin tíðni ferða með eldsneyti þess norður til Akureyrar og er slíkt til þess fallið að stuðla að bættri framleiðslu og dreifingu á þjónustu Atlantsolíu. Að mati Samkeppniseftirlitsins felst í framangreindu öruggari flutningar fyrir Atlantsolíu auk kostnaðarhagræðis, sem leiðir af



sér lægri kostnað fyrir Atlantsolíu við að reka starfsemi sína á Akureyri. Telur Samkeppniseftirlitið því að skilyrði a-liðar 15. gr. samkeppnislaga sé uppfyllt.

Í nefndu samstarfi felst samkvæmt framangreindu ákveðið kostnaðarhagræði og öruggari flutningar. Á þessum markaði eru til staðar aðrir keppinautar með ríflega markaðshlutdeild. Eins og atvikum er háttáð má telja að fyrir heldi sé nægilegt samkeppnislegt aðhald í þennan stutta tíma sem samstarfið gildir. Með því að úthýsa dreifingu á eldsneyti Atlantsolíu er ljóst að félagið mun geta skorið niður útgjöld í rekstri sínum og eykur það líkur á að neytendur geti notið sanngjarnrar hlutdeildar í þeim ávinningi sem af því hlýst. Jafnframt felst í þessu samstarfi öruggari flutningsleið fyrir Atlantsolíu, sérstaklega yfir vetrarmánuðina. Það er mat Samkeppniseftirlitsins að framangreind sjónarmið fullnægi skilyrðum b-liðar 15. gr. samkeppnislaga.

Nefnd samvinna lýtur að því að flytja eldsneyti frá einum stað til annars gegn gjaldi á staðbundnum markaði. Aðrir öflugir keppinautar eru til staðar á viðkomandi markaði. Samkvæmt þjónustusamningnum eru ekki lögð nein höft á félögin, þar sem samningurinn lýtur eingöngu að því að flytja vöru frá einum stað til annars gegn gjaldi. Eins og atvikum máls er háttáð verður ekki séð að til þess að ná þessu hagræði sé önnur vægari leið fær fyrir aðila máls og telst samstarf félaganna ekki leggja óþarfa höft á samkeppni. Skilyrði c-liðar 15. gr. laganna teljast því uppfyllt að mati Samkeppniseftirlitsins.

Þegar samstarf keppinauta er metið í ljósi d-liðar 15. gr. samkeppnislaga ber m.a. að leggja áherslu á aðstæður á viðkomandi markaði en eins og áður segir er markaðshlutdeild málsaðila lægri en keppinauta þeirra. Olíumarkaðurinn er aftur á móti gagnsær og einsleitur og ríkir fákeppni á markaðnum. Við slíkar aðstæður getur nánast hvers konar viðskiptalegt samstarf keppinauta verið til þess fallið að raska samkeppni. Þrátt fyrir að af samstarfinu leiði að kostnaður félaganna samræmist meira en ella má benda á að fjögur olíufélög eru í samkeppni á smásölustigi. Þá liggur fyrir að þessi samvinna mun vara í mjög stuttan tíma og nær einungis til tiltekins staðbundins markaðar. Að mati Samkeppniseftirlitsins getur d-liður 15. gr. laganna verið uppfylltur ef samstarfinu eru sett skilyrði, m.a. um að aðilum þess sé óheimilt að miðla viðskiptalegum upplýsingum, þeir þurfi að tilkynna Samkeppniseftirlitinu um breytingar á skilmálum í flutningum Skeljungs á eldsneyti í eigu Atlantsolíu til Akureyrar og að undanþágan gildi einungis í þrjá mánuði.

Samstarf Skeljungs og Atlantsolíu fer gegn bannákvæði 10. gr. samkeppnislaga. Með heimild í ákvæði 15. gr. samkeppnislaga veitir Samkeppniseftirlitið nefndu samstarfi tímabundna undanþágu frá ákvæði 10. gr. laganna að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum.



### **Ákvörðunarorð:**

**„Samstarf Skeljungs og Atlantsolíu fer gegn bannákvæði 10. gr. samkeppnislaga. Með heimild í ákvæði 15. gr. samkeppnislaga veitir Samkeppniseftirlitið nefndu samstarfi tímabundna undanþágu frá ákvæði 10. gr. laganna að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:**

#### **1. gr.**

**Skeljungur hf. er óheimilt að miðla hvers konar viðskiptalegum upplýsingum til Atlantsolíu ehf., t.d. um núverandi eða mögulega keppinauta eða viðskiptavini félagsins. Hið sama gildir um önnur félög undir virkum yferráðum þess.**

#### **2. gr.**

**Atlantsolíu ehf. er óheimilt að miðla hvers konar viðskiptalegum upplýsingum til Skeljungs, t.d. um núverandi eða mögulega keppinauta eða viðskiptavini félagsins. Hið sama gildir um önnur félög undir virkum yferráðum þess.**

#### **3. gr.**

**Meðan undanþágan gildir skulu Skeljungur hf. og Atlantsólía ehf. tilkynna Samkeppniseftirlitinu strax um allar verðbreytingar og aðrar breytingar á skilmálum í flutningum Skeljungs á eldsneyti í eigu Atlantsolíu til Akureyrar.**

#### **4. gr.**

**Stjórnarmenn og hlutaðeigandi starfsmenn Skeljungs hf. og Atlantsolíu ehf. skulu undirrita sérstaka yfirlýsingu um að þeir muni fara eftir þessum skilyrðum. Félögin skulu tryggja að hið sama geri stjórnarmenn og hlutaðeigandi starfsmenn í félögum undir virkum yferráðum þeirra. Afrit af yfirlýsingum þessum skulu afhent Samkeppniseftirlitinu.**

#### **5. gr.**

**Undanþága þessi gildir í þrjá mánuði, þ.e. frá birtingu ákvörðunar 12. febrúar 2010 til 14. maí 2010. Skulu félögin láta samstundis af samvinnunni þegar undanþágan rennur út.**

#### **6. gr.**

**Brot á þeim fyrirmælum, sem sett eru í undanþágu þessari sæta viðurlögum samkvæmt IX. kafla samkeppnislaga nr. 44/2005.**

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson

